

Alþingi
Erindi nr. P 138/1739
komudagur 15.4.2010

FÉLAG  ATVINNUREKENDA

Nefndasvið Alþingis
B.t. viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. apríl 2010

Efni: Umsögn Félags atvinnurekenda um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001, og lögum um samvinnufélög, nr. 22/1991, með síðari breytingum, 345. mál.

I. Almennt

Vísað er til erindis háttvirtrar viðskiptanefndar Alþingis dagsett 24. mars 2010 þar sem óskað er umsagnar Félags atvinnurekenda um frumvarp til laga um Seðlabanka Íslands og samvinnufélög (innlánsstofnanir), 345. mál.


Félag atvinnurekenda gerir ekki athugasemdir við frumvarpið. Félagið þakkar fyrir að til þess hafi verið leitað.

II. Annað

Að lokum áskilur Félag atvinnurekenda sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið til að funda um efnið sé þess óskað.


Virðingarfyllt,



Harpa Samúelsdóttir lögfræðingur
f.h. Páls Rúnars M. Kristjánssonar hdl.

FÉLAG  ATVINNUREKENDA

Alþingi
Erindi nr. P 138/1524
komudagur 7.4.2010



Félag löggiltra
endurskoðenda

Reykjavík 30. mars 2010
Tilvísun FLE 17-2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

b/t Kristjönu Benediktsdóttur

Málefni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands 36/2001, og lögum um samvinnufélög 22/1991, 345 mál.

Með tölvupósti dags. 24. mars s.l. óskaði Viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) um ofangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE sem tók málið til umfjöllunar.

Álitsnefndin telur málið vera þess eðlis að félagið tekur ekki afstöðu til þess.

Virðingarfyllst,
f.h. Félags löggiltra endurskoðenda

Sigurður B. Arnþórsson
Framkvæmdastjóri FLE

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/1671
komudagur 12.4.2010

Reykjavík 12. apríl 2010

Viðskiptanefnd
~~Félag og skattanefnd~~

Varðar: Umsögn um frumvarp til laga um Seðlabanka Íslands og samvinnufélög
(innlánsstofnanir), 345. mál.

Félag Viðurkenndra bókara gerir ekki athugasemd við frumvarp til laga um Seðlabanka
Íslands og samvinnufélög (innlánsstofnanir), 345. mál sem bárust til umsagnar með tölvupósti
22. mars. s.l.

Virðingarfyllt,
f.h. Félags Viðurkenndra bókara
G. Jóna Hilmarsdóttir
Guðveig Jóna Hilmarsdóttir
Formaður

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi
bt. nefndasviðs
v/ Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. **P** 138/1796
komudagur 26.4.2010

23. apríl 2010

Tilvísun: 2010030080

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001, og lögum um samvinnufélög, nr. 22/1991, með síðari breytingum, 345. mál.


Fjármálaeftirlitið vísar til tölvupósts nefndasviðs Alþingis 24. mars sl. þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001, og lögum um samvinnufélög, nr. 22/1991, með síðari breytingum.


Fjármálaeftirlitið telur ástæðu til að benda á að innlánsdeildir samvinnufélaga hafa sérstöðu þar sem eingöngu er heimilt að taka við innlögum frá félagsmönnum og viðskiptaaðilum til ávöxtunar sem rekstrarfé samvinnufélagsins, sbr. 1. mgr. 2. gr. a. laga nr. 22/1991. Þá er innlánsdeild óheimilt að veita lán í eigin nafni eða reka aðra fjármálastarfsemi en sem getur í 1. mgr. 2. gr. a., og hún telst hvorki innláns- né lánastofnun í skilningi laga um Seðlabanka Íslands, samkvæmt 4. mgr. 2. gr. a. sömu laga. Innlánsdeildir teljast enn fremur ekki vera lánastofnanir (e. credit institutions) í skilningi tilskipunar Evrópusambandsins nr. 2006/48/EB.

Fjármálaeftirlitið tekur ekki frekari afstöðu til umræddra lagabreytingatillagna.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ


Ragnar Hafliðason


Guðrún Finnborg Þórðardóttir

Alþingi
Erindi nr. E 138/2135
komudagur 11.5.2010




Alþingi
nefndarsvið
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík 7. maí 2010

Efni: Umsókn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands og lögum nr. 22/1991, um samvinnufélög með síðari breytingum, mál nr. 345.

Íbúðalánasjóður tekur ekki afstöðu til frumvarpsins og gerir ekki athugasemdir.

Virðingarfyllt,


Einar Jónsson hdl.



RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Alþingi
Erindi nr. P 138/1794
komudagur 26.4.2010

	Dagsetning	Tilvísun
Nefndasvið Alþingis Austurstræti 8 – 10	23.04.2010	A-8 LÖ/mb
150 Reykjavík.		

Vísað er til erindis viðskiptanefndar Alþingis, dags. 24. mars sl., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um Seðlabanka Íslands og samvinnufélög (innlánsstofnanir), 345. mál.

Með frumvarpinu er lagt til að staða stofnana og félaga sem að lögum er heimilt að starfrækja innlánsdeildir eða taka við innlánnum frá almenningi verði skýrð með því að breyta orðalagi 1. mgr. 6. gr. laga um Seðlabankann. Jafnframt er lagt til að felld verði úr lögum um samvinnufélög ákvæði um að innlánsdeildir teljist ekki innlánsstofnanir í skilningi laga um Seðlabankann.

Til svars erindinu tekur Ríkisendurskoðun fram að hún hefur ekki athugasemdir fram að færa við frumvarpið.

Sumur í þessum

Samr. Ög. Gu.

Alþingi 138/1531
Erindi nr. P 138/1531

komudagur 7.4.2010 TILVÍSUN

Alþingi, viðskiptanefnd
Selma Hafliðadóttir
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍKReykjavík, 30. mars 2010 02-2010031639
T-ums 18/2010**Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands nr. 36/2001, og lögum um samvinnufélög, nr. 22/1991, með síðari breytingum - 345. mál, þskj. 617**

Ríkisskattstjóri hefur þann 24. mars 2010 móttekið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands og lögum um samvinnufélög -345. mál, þskj. 617.


Í frumvarpinu er lagt til að skýrð sé staða stofnana og félaga sem með lögum er heimilað að starfrækja sérstakar innlánsdeildir eða taka við innlánnum frá almenningi til geymslu og ávöxtunar.

Ríkisskattstjóri telur ekki tilefni til að gera athugasemdir við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllt



Skúli Eggert Þorðarson



Guðrún J. Jónsdóttir

1
Alþingi
Erindi nr. D 138/1525
komudagur 7.4.2010

SFF
SAMTÖKFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA
Icelandic Financial Services Association

Reykjavík, 30. mars 2010


Viðskiptanefnd Alþingis
Nefndasvið
150 Reykjavík

Varðar: Frv. um brt. á lögum um Seðlabanka Íslands og lögum um samvinnufélög, 345. mál

SFF vísa til beiðni viðskiptanefndar frá 24. mars sl. um að samtökin veiti umsögn um framangreint þingmál. Frumvarpið gengur út á að gera innlánsdeildir samvinnufélaga að innlánsstofnunum.

SFF telja þá breytingu sem frumvarpið ráðgerir skjóta skökku við, þegar öll umræða og vinna á alþjóðavettvangi í kjölfar fjármálakreppunnar snýr að því að auka enn frekar kröfur til fjármálafyrirtækja og styrkja þannig fjármálastöðugleika. Þessi viðhorf endurspeglast í þeim breytingartillögum á frumvarpi til laga um fjármálafyrirtæki sem liggja fyrir Alþingi. Ekki verður séð með hvaða hætti frumvarpið samrýmist slíkum viðhorfum.

Virðingarfyllst,



Guðjón Rúnarsson,
framkvæmdastjóri.



Alþingi
Erindi nr. P 138/1797
komudagur 26.4.2010

21. apríl 2010
SI 62626

Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Með tölvupósti 24. mars 2010 óskaði viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001, og lögum um samvinnufélög, nr. 22/1991, með síðari breytingum, 345. mál.

Í frumvarpinu er lagt til að lögum um Seðlabanka Íslands, 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 36/2001, verði breytt þannig að bankinn geti tekið við innlánnum frá innlánsdeildum samvinnufélaga. Jafnframt er lagt til að brott falli þar sem segir um innlánsdeild í 4. mgr. 2. gr. a. laga nr. 22/1991 „...og hún telst hvorki innláns- né lánastofnun í skilningi laga um Seðlabanka Íslands.“.

Í greinargerð með frumvarpinu segir að innlánsdeildum sé nauðsyn, eins og sparisjóðum og bönkum, að geta átt í innstæðuviðskiptum við Seðlabankann til að tryggja stöðu innstæðueigenda. Hér sé því um jafnræðismál að ræða milli þeirra sem hafi heimild til að taka við fjármunum til ávöxtunar frá almenningi og auki þar með öryggi viðskiptaaðila innlánsdeilda. Jafnframt segir að innlánsdeildir starfi samkvæmt lögum og lúti eftirliti Fjármálaeftirlitsins og greiði í sérstakan tryggingarsjóð.

Í 2. gr. a. nógildandi laga nr. 22/1991 um samvinnufélög segir m.a. að innlánsdeild taki við innlögum frá félagsmönnum og viðskiptaaðilum til ávöxtunar sem rekstrarfé félagsins. Jafnframt segir að um útborganir á innstæðum (innlögum) fari eftir ákvæðum félagssamþykkt. Til tryggingar fyrir fé sem lagt er í innlánsdeild eru eignir samvinnufélags, þar með talin eign í Tryggingarsjóði innlánsdeilda, og ábyrgð félagsmanna skv. lögnum. Jafnframt er þess getið að innlánsdeild sé óheimilt að veita lán í eigin nafni eða reka aðra fjármálastarfsemi en að taka við innlánnum (innlögum) og hún telst hvorki innláns- né lánastofnun í skilningi laga um Seðlabanka Íslands. Innlánsdeildir teljast ekki lánastofnanir (e. credit institutions) í skilningi tilskipunar ESB nr. 49/2006.

Segja má að áhætta eiganda innstæðna hjá innlánsdeild sé bundin við rekstur eins samvinnufélags, eða eina útlánaáhættu. Þannig kann öryggi innlána hjá innlánsdeild samvinnufélags að vera minni en


innlána hjá innlánsstofnun. Ætla má að eigendum innstæðna hjá lánadeildum sé kunnugt um þá áhættu og vegi hana á móti því hagræði sem slíkum innlánnum fylgir. Innlánsdeildir samvinnufélaga greiða í sérstakan tryggingarsjóð, en eiga ekki aðild að Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta, eins og innlánsstofnanir. Yfirlýsingar ríkisstjórna Íslands um að innstæður í innlendum viðskiptabönkum, sparisjóðum og útibúum þeirra hér á landi séu tryggðar að fullu miðast við allar innstæður almennra sparifjáreigenda og fyrirtækja sem trygging innstæðudeildar Tryggingasjóðs innstæðueigenda tekur til. Innlán í innlánsdeildum samvinnufélaga eru þar ekki meðtalin.

Mismunandi varúðarreglur gilda um samvinnufélög og innlánsstofnanir. Samvinnufélög verða að uppfylla ákveðnar eiginfjárvæðingartil að mega starfrækja innlánsdeild. Innlánsstofnanir þurfa að uppfylla mun viðtækari kvaðir. Um þær gilda margvíslegar varúðarreglur settar af Fjármálaeftirlitinu og Seðlabanka Íslands, t.d. um stórar áhættuskuldbindingar, eiginfjárhlutfall, lausafjárstöðu, gjaldeyrisjöfnuð o.fl. Samkvæmt framansögðu er mikill munur á starfsemi innlánsdeilda og innlánsstofnana.

Samkvæmt nágildandi lögum tekur Seðlabanki Íslands við innlánnum hjá innlánsstofnunum og er heimilt að taka við innlánnum hjá öðrum lánastofnunum og fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu sem lúta eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Innlánsdeildir samvinnufélaga falla ekki þar undir, en er ætlað að eiga viðskipti við eftirlitsskyld fjármálafyrirtæki. Ekki verður séð að jafnréttisrök eigi við í ljósi þess eðlismunar sem er á innlánsdeildum samvinnufélaga og innlánsstofnunum. Þvert á móti hlýtur að koma til álita hvort brotið væri á jafnræði gagnvart öðrum rekstrarformum með því að veita samvinnufélögum sérstöðu. Auknar heimildir innlánsdeilda samvinnufélaga kunna að leiða til þess að hlutdeild fjármálastarfsemi sem sætir takmörkuðu eftirliti aukist á kostnað eftirlitsskyldra fjármálafyrirtækja. Það eykur kerfislega áhættu. Seðlabanki Íslands leggst því eindregið gegn samþykki frumvarpsins.

Virðingarfyllst

SEÐLABANKI ÍSLANDS


Arnór Sighvatsson
Aðstoðarseðlabankastjóri


Tryggvi Pálsson
Framkvæmdastjóri



TOLLSTJÓRI

Alþingi
Erindi nr. P 138/1526
komudagur 7.4.2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík 6. apríl 2010.


Málefni: *Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001, og lögum um samvinnufélög, nr. 22/1991, með síðari breytingum. Þingskjal 617 - 345. mál. Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009 – 2010.*

Tollstjóri hefur mótttekið erindi Viðskiptanefndar Alþingis, sent með tölvupósti 24. mars sl., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001, og lögum um samvinnufélög, nr. 22/1991, með síðari breytingum, 345. mál.

Með frumvarpinu er skýrð staða stofnana og félaga sem samkvæmt lögum er heimilt að starfrækja sérstakar innlánsdeildir eða taka við innlánnum frá almenningi til geymslu og ávöxtunar.

Tollstjóri gerir ekki athugasemdir við ofangreint frumvarp en efni þess hefur ekki áhrif á starfsemi embættisins.

Virðingarfyllst,
f.h. tollstjóra


Sigurður Skúli Bergsson
aðstoðartollstjóri

Alþingi
Erindi nr. P 138/1795
komudagur 26.4.2010

Nefndasvið Alþingis
Viðskiptanefnd
b/t Selmu Hafliðadóttur
nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík, 23. apríl 2010.

Efni: Frumvarp til laga um Seðlabanka Íslands og samvinnufélög. (345. Mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér breytingar á lögum vegna innlána hjá Seðlabanka Íslands.

Viðskiptaráð gerir ekki athugasemd við ofangreint frumvarp.

Virðingarfyllst,

Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands